

Bréf til stjórnenda leik-, grunn-, framhalds- og háskóla, sveitarfélaga og skólaskrifstofa

Samkvæmt 15. grein laga um almannavarnir, nr. 82/2008, ber ráðuneytum og undirstofnunum þeirra og sveitarfélögum og stofnunum á þeirra vegum að gera viðbragðsáætlanir til að takast á við afleiðingar neyðarástands.

Menntamálaráðuneyti, almannavarnadeild ríkislögreglustjóra og embætti sóttvarnalæknis hafa gert sniðmát að viðbragðsáætlunum fyrir skóla landsins um viðbrögð við heimsútbreiðslu influensu. Sniðmátið fylgir bréfi þessu í viðhengi. Skólar skulu fylgja því er þeir setja sér viðbragðsáætlanir. Samhliða sniðmátinu fá skólar sendan gátlista sem hafa má til hliðsjónar við gerð áætlana fyrir einstök háskastig.

Þær viðbragðsáætlanir sem skólum er nú gert að gera eru ekki eingöngu viðbrögð við þeirri influensu (H1N1) sem nú gengur. Slíkar áætlanir þurfa skólarnir að eiga, viðhalda og geta virkjað hvenær sem yfirvöld mæla svo fyrir um.

Markmið viðbragðsáætlana er að tryggja skipulögð og samræmd viðbrögð ef og þegar til influensufaraldurs kemur. Hver menntastofnun útfærir nánar sína áætlun með það að markmiði að halda uppi lögboðinni starfsemi þrátt fyrir influensufaraldur. Komi til lokunar skóla verði leitast við að nemendur geti haldið áfram námi eftir því sem kostur er meðan á lokun stendur.

Ábyrgð á gerð viðbragðsáætlunar fyrir skóla er í höndum viðkomandi skólastjórnanda. Eðli og sérkenni skólastarfs á mismunandi skólastigum og í ólíkum skólum útheimtir mismunandi útfærslur og tekur framsetning sniðmátsins mið af því. Tengiliðir menntamálaráðuneytisins vegna viðbragðsáætlana skóla eru: Friðrika Harðardóttir, [fridrika.hardardottir@mrn.stjr.is](mailto:fridrika.hardardottir@mrn.stjr.is), Guðni Ólgeirsson, [gudni.olgeirsson@mrn.stjr.is](mailto:gudni.olgeirsson@mrn.stjr.is), Sigríður Lára Ásbergisdóttir, [sigridur.lara@mrn.stjr.is](mailto:sigridur.lara@mrn.stjr.is), Sölvi Sveinsson, [solvi.sveinsson@mrn.stjr.is](mailto:solvi.sveinsson@mrn.stjr.is), Þórhallur Vilhjálmsson, [thorhallur.vilhjalmsson@mrn.stjr.is](mailto:thorhallur.vilhjalmsson@mrn.stjr.is), og Þórir Ólafsson, [thorir.olafsson@mrn.stjr.is](mailto:thorir.olafsson@mrn.stjr.is).

Viðbragðsáætlanir skóla hafa samræmda uppbyggingu samkvæmt sniðmátinu. Kaflar 2, 3, 4 og 7 eru sameiginlegir og geyma almennar upplýsingar frá almannavarnadeild ríkislögreglustjóra og embætti sóttvarnalæknis. Aðra kafla semja skólarnir sjálfir og mynda þeir hina eiginlegu viðbragðsáætlun hvers skóla.

Skólar eru hvattir til að hraða gerð viðbragðsáætlana eins og kostur er og upplýsa starfsfólk um verkið á fyrstu fundum eftir sumarleyfi. Allir skólar skulu hafi sett sér viðbragðsáætlun eigi síðar en 1. september 2009.

Fyrir hönd ráðherra